

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Fjallabyggð – Siglufirði og Ólafsfirði.

Deiliskipulag Eyrarflatar, Siglufirði.

Bæjarstjórn Fjallabyggðar samþykkti þann 10. apríl 2013 deiliskipulag Eyrarflatar, Siglufirði. Deiliskipulagssvæðið afmarkast af lóðum þeirra húsa sem standa við Eyrarflöt. Í norðri og vestri afmarkast svæðið af Norðurtúni, í austri af Langeyrarvegi og í suðri af lóðarmörkum sem liggja að tjarnarsvæði. Deiliskipulagið gengur út á að fullbyggja það svæði sem aðalskipulag gerir ráð fyrir að sé íbúðarsvæði við Eyrarflöt.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Deiliskipulag svæðis fyrir hesthús, hestaíþróttir og frístundabúskap, Siglufirði.

Bæjarstjórn Fjallabyggðar samþykkti þann 10. apríl 2013 deiliskipulag svæðis fyrir hesthús, hestaíþróttir og frístundabúskap, Siglufirði. Deiliskipulagssvæðið er um 12 ha að stærð. Deiliskipulagið gengur út á að skilgreina betur núverandi hesthúsasvæði, skilgreina æfinga- og keppnis-svæði með hringvelli og skeiðbraut auk þess sem afmarkaðir eru og skilgreindir byggingarreitir fyrir frístundabúskap.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Deiliskipulag snjóflóðavarna ofan byggðar, Siglufirði.

Bæjarstjórn Fjallabyggðar samþykkti þann 10. apríl 2013 deiliskipulag snjóflóðavarna ofan byggðar, Siglufirði. Deiliskipulagssvæðið er um 147 ha að stærð og afmarkast til austurs af efstu lóðamörkum í Siglufirði og í suðri af norðurhlíð núverandi snjóflóðavarnargarðs, Stóra-Bola. Í vestri nær svæðið út fyrir væntanlegt svæði fyrir snjóflóðavarnarstöðvirki og í norðri nær svæðið út fyrir núverandi snjóflóðavarnargarða. Eftir er að reisa upptakastöðvirki á þremur stöðum innan deiliskipulagssvæðisins.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Deiliskipulag frístundasvæðis vestan Óss, Ólafsfirði.

Bæjarstjórn Fjallabyggðar samþykkti þann 10. apríl 2013 deiliskipulag frístundasvæðis vestan Óss, Ólafsfirði. Deiliskipulagssvæðið er um 44,5 ha að stærð og afmarkast af þjóðvegi í suðri, affalli Ólafsfjarðarvatns, Ósnum að austan, sjávarströndinni að norðan og fjallsrótum að vestan.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Deiliskipulag Flæðar, Ólafsfirði.

Bæjarstjórn Fjallabyggðar samþykkti þann 10. apríl 2013 deiliskipulag Flæðar, Ólafsfirði. Deiliskipulagssvæðið er um 14,5 ha að stærð og afmarkast í norðri af Aðalgötu, í austri af mörkum deiliskipulags Hornbrekkubótar og í suðri og vestri af bakka Ólafsfjarðarvatns.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Deiliskipulag snjóflóðavarna við Hornbrekku, Ólafsfirði.

Bæjarstjórn Fjallabyggðar samþykkti þann 10. apríl 2013 deiliskipulag snjóflóðavarna við Hornbrekku, Ólafsfirði. Deiliskipulagssvæðið er tæplega 28 ha að stærð og afmarkast af íbúðarhúsum við Hornbrekkuveg og Túngötu í norðri, bænum Hlíð í suðri og Ólafsfjarðarvegi í vestri. Markmið deiliskipulagsins er að auka öryggi íbúa með tilliti til snjóflóða með byggingu snjóflóðavarna en byggingu þeirra er lokið.

Nr. 694

4. júlí 2013

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Fjallabyggð, 4. júlí 2013.

Sigurður Valur Ásbjarnarson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 19. júlí 2013